

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-
hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m
innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m ³	67.980 kr.
251 - 500 m ³	67.980 kr. + 162,20 kr/m ³ yfir 250 m ³
501 - 1500 m ³	108.530 kr. + 95,00 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501 - 6000 m ³	203.530 kr. + 61,00 kr/m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	478.030 kr. + 48,00 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað
húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald
er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25
m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í
febrúarmánuði 1997, 218,2 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að
öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er úr
gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 673 27. desember 1995.

Lönaðarráðuneytinu, 7. mars 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 91.1.4. í reglugerðinni orðist svo:

Loftræsting skal vera góð og skal miða við að meðalstyrkur CO₂ sé ekki yfir 800 ppm
og hámarksgildi fari ekki yfir 1000 ppm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og
heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 5. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.